

## REGLUGERÐ

### um holræsagjöld í Sveitarfélaginu Hornafirði.

#### 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Sveitarfélaginu Hornafirði eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

#### 2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 3. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hornafjarðar staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð um holræsi í Hafnarhreppi, Höfn, Hornafirði, nr. 58/1973, sbr. reglugerð nr. 46/1976, og reglugerð um holræsi í Nesjahreppi nr. 157/1974.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. febrúar 2001.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Guðjón Bragason.*